# Bæjarhátíð Seltjarnarness

**26. ágúst – 3. september 2023**









## Fjölskyldudagur í Gróttu
## Bæjargrill á Vallarbrautarróló

**LEGO sýning - Sjóbað - Leiksýning - Fjölskyldugolf - Hátíðarmessur - Listamannaspjall - Markaður á Eiðistorgi**

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

### LAUGARDAGUR 26. ÁGÚST



**13.00 – 16.00** **LEGOsafn og sýning í Tjarnarbóli**
Pétur og Rut bjóða bæjarbúum í bílskúrinn sinn á við Tjarnarból 10-12 að skoða yfir 500 gömul og ný legosett sem Pétur hefur sett saman og safnað frá árinu 1980. Elsta frá 1940 og yngsta frá 2023.




**18.00 – 22.00** **Bæjargrill, söngur og stemning á Vallarbrautarróló**
Útihátíðarstemning í umsjón bæjarbúa með stuðningi Seltjarnarnesbæjar þar sem fjölskyldum á Nesinu býðst að hafa gaman saman. Veislutjald, borð og stólar á staðnum sem og tónlist og stemning fyrir allan aldur.
Veitingar seldar á vegum íbúanefndarinnar
- allar upplýsingar á FB viðburðinum: Bæjarhátíð 2023.

### SUNNUDAGUR 27. ÁGÚST




**11.00** **Bæjarhátíðarmessa í Seltjarnarneskirkju**
Leikin verður valstónlist í messunni auk þess sem danspar mun stíga fallegan vals og svífa um gólf kirkjunnar.

### MÁNUDAGUR 28. ÁGÚST



**18.00** **Sjóbað á Seltjarnarnesi með Maju og Gróu**
Mæting á bílastæðið fyrir neðan golfvöllinn þaðan sem farið verður í fjöruna, gerðar öndunaræfingar, farið í sjóbað og gleðihormón líkamans virkjuð.

### FIMMTUDAGUR 31. ÁGÚST



**18.00 – 18.40** **Flokkstjórinn 2023, útileikhús við Seltjörn hjúkrunarheimili**
Einleikurinn „Flokkstjórinn" er um unglinga og illgresi og byggir á reynslu Hólmfríðar sem flokkstjóri í unglingavinnu. Höf: Hólmfríður Hafliðadóttir og Magnús Thorlacius.

*Sýningin inniheldur gróft orðafar og er ekki ætluð börnum yngri en 10 ára.*

### LAUGARDAGUR 2. SEPTEMBER



**10.00 – 13.00** **Fjör í fjölskyldugolfi á Nesvöllum, inniaðstaða Austurströnd**
Nesklúbburinn býður bæjarbúum að taka þátt í skemmtilegum þrautum í golfhermunum og púttvellinum. Heitt á könnunni og hressing fyrir börnin.




**12.00 – 15.00** **Fjölskyldudagur í Gróttu – fjölbreytt dagskrá**
Opið í vitann – Klifurmeistarar með Spiderman – Vöfflukaffi og grillaðar pylsur – BARA VIÐ Harmonikkudúett – Lífríkið við Gróttu rannsakað
– Sögudýr Náttúruhúss – úrslit, sýning og föndur í Albertsbúð
– Sýning og smiðja – Húlladúllan með húllafjör




**Glasagarðurinn – Sýning Vessel og smiðja í Vitavarðarhúsinu**
Íris Erlingsdóttir sýnir 19. aldar glasagarða, ljósmyndasýning frá Graen Studio auk þess sem börnum býðst að gera sinn eigin glasagarð úr skeljum og steinum týndum úr fjörunni.



**13.00** **Listamannaspjall í Gallerí Gróttu**
Unnur Óttarsdóttir listakona býður í listamannaspjall um hugmyndir, þróun og gerð verka sinna á sýningunni Samtvinna í Gallerí Gróttu



**10.00 – 16.00** **Markaður á Eiðistorgi**
Líflegur flóamarkaður á Eiðistorgi þar sem hægt verður að versla allt milli himins og jarðar í sölubásum sem selja ýmist notað eða nýtt.

### SUNNUDAGUR 3. SEPTEMBER

**11.00** **Græn messa í Seltjarnarneskirkju**
Uppskerumessa með grænmetismarkaði að athöfn lokinni. Selt verður ferskt grænmeti til styrktar innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar.

Nánari upplýsingar um alla viðburði: **seltjarnarnes.is og FB síða bæjarins.**
**FYRIRVARI:** Tilkynnt verður ef viðburðir utanhúss hliðrast til vegna veðurs.